



FRÉTTATILKYNNING

frá Þjóðskjalasafni Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufélaga 17. október 2012

Afhending skjalasafns Sambands íslenskra samvinnufélaga til Þjóðskjalasafns Íslands

Föstudaginn 19. október 2012 kl. 11 mun Samband íslenskra samvinnufélaga afhenda Þjóðskjalasafni Íslands skjalasafn sitt formlega til varðveislu. Skjalasafn SÍS er mikið að vöxtum og er stærsta einkaskjalasafn sem afhent hefur verið Þjóðskjalasafni til varðveislu. Samtals er skjalasafn SÍS um 600 hillumetrar að stærð, eða rúmlega 8000 skjalaöskjur. Elstu skjölin í skjalasafninu er frá síðari hluta 19. aldar og þau yngstu frá síðustu aldamótum. Skjalasafn SÍS er afar merkilegt og mikilvægt þegar kemur að rannsóknum á Íslandssögu 20. aldar á sviði viðskipta, atvinnu og stjórnmála. Eftir vinnu við röðun, uppsetningu í hillur og frágang skjala-skrár verður skjalasafn SÍS aðgengilegt almenningi og fræðimönnum snemma árs 2013.

Flutningur skjalasafns SÍS frá Húsavík til Reykjavíkur

Fimmtudagurinn 18. október kl. 10

Flutningur hefst á skjölum SÍS frá Húsavík, þar sem þau eru í geymslu, til Reykjavíkur. Skjalasafnið er geymt á 60 vörubrettum og verða þau flutt af háalofti á Garðarsbraut 5 á Húsavík þar sem þeim verður komið fyrir í flutningabíl með tengivagni sem flytur þau til Reykjavíkur.

Afhending skjalasafns SÍS í Þjóðskjalasafni og formleg undirritun

Föstudagurinn 19. október kl. 10

Afferming hefst við Þjóðskjalasafn Íslands, Laugaveg 162 í Reykjavík, og brettin 60 flutt inn í húsnæði Þjóðskjalasafns. Afferming tekur u.þ.b. 2-3 klst.

Föstudagurinn 19. október kl. 11

Hannes Karlsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga og Eiríkur G. Guðmundsson, settur þjóðskjalavörður, undirrita samning um afhendingu á skjalasafni SÍS til Þjóðskjalasafns Íslands. Undirritun fer fram á þriðju hæð í skrifstofubyggingu Þjóðskjalasafns, Laugavegi 162. Gengið inn um portið og til hægri inn um aðalinngang.

Fjölmiðlar eru boðnir velkomnir til þess að fylgjast með og mynda flutning skjalanna á Húsavík og í Reykjavík en flutningur svo stórs og merkilegs skjalasafns gerist ekki oft. Þá eru fulltrúar fjölmiðla boðnir sérstaklega velkomnir að vera viðstaddir undirritun samningsins og hina formlegu afhendingu. Þar mun jafnframt gefast tækifæri til þess að fá frekari upplýsingar og ræða við fulltrúa Þjóðskjalasafns og SÍS.

Nánari upplýsingar veita Eiríkur G. Guðmundsson, settur þjóðskjalavörður og sviðsstjóri upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns Íslands, netfang: eirikur@skjalasafn.is, og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs Þjóðskjalasafns Íslands, netfang: njordur@skjalasafn.is, í síma 590 3300.